

Þriðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 236/1996.

Protabú Skipabrautarinnar hf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Gunnar Sólnes hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Haldsréttur. Aðildarhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. júní 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1996, þar sem leyst var úr ágreiningi málsaðila um frumvarp sýslumannsins í Reykjavík frá 12. desember 1995 til úthlutunar á söluverði stálbáts með skipaskrárnúmerinu 2102, en hann var seldur við nauðungarsölu 17. febrúar sama ár. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að „hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og allar kröfur sóknaraðila fyrir héraðsdómi verði teknar til greina“. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá kröfum sóknaraðila fyrir héraðsdómi. Eins og kröfugerð hans er háttað fyrir Hæstarétti, verður að líta svo á, að þeim kröfum sé haldið uppi óbreyttum.

Fyrir héraðsdómi voru aðilar að málinu í upphafi taldir vera sóknaraðili annars vegar og hins vegar útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, útibú hins sama í Sandgerði og Kirkjusandur hf. Samkvæmt yfirlýsingu, sem lögð var fram undir rekstri málsins í héraði, hefur „Landsbanki Íslands, Strandgötu 1, Akureyri,“ eignast kröfu, sem ráðgert var í fyrrnefndu frumvarpi sýslumanns, að Kirkjusandur hf. fengi greidda í skjóli haldsréttar af söluverði umrædds báts næst á eftir greiðslu til sóknaraðila. Verður því réttilega litið á Landsbanka Íslands einan sem gagnaðila sóknaraðila að málinu, en ekki er næg ástæða til að verða við kröfu hans um að vísa kröfum

bankans frá dómi vegna þess annmarka, að upphaflega hafi verið rætt um útibú hans sem sjálfstæða málsaðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður ekki fallist á, að sóknaraðili hafi sýnt fram á, að hann eigi ógreiddan hluta af smíðaverði áðurnefnds báts, sem hann njóti haldsréttar fyrir við úthlutun á söluverði bátsins við nauðungarsölu. Samkvæmt því verður úrskurður héraðsdómara staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1996.

Mál þetta var þingfest 20. febrúar síðastliðinn og tekið til úrskurðar 13. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Aðild málsins var upphaflega ákveðin þannig, að sóknaraðilar væru Landsbanki Íslands, Akureyri, Landsbanki Íslands, Sandgerði, og Kirkjusandur hf., en varnaraðili þrotabú Skipabrautarinnar hf. Í þinghaldi 25. mars síðastliðinn var þess krafist af hálfu varnaraðila, að kröfum fyrrgreindra bankaútibúa Landsbanka Íslands yrði vísað frá dómi vegna skorts á aðildarhæfi þeirra.

Vegna frávísunarkröfu varnaraðila gerir sóknaraðili kröfu til þess, að litid verði svo á, að málið sé sótt fyrir Landsbanka Íslands vegna útibúanna á Akureyri og í Sandgerði, en ekki útibúin sjálf sem slík. Til vara er því mót-mælt, að aðild útibúanna leiði til frávísunar vegna skorts á aðildarhæfi.

Þá gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um úthlutun uppboðssöluandvirðis „nýsmíði nr. 7“ verði hrundið og breytt þannig, að krafa Skipabrautarinnar hf. skv. 2. tl. frumvarpsins verði ekki tekin til greina að neinu leyti og að krafan verði felld út úr frumvarpinu að fullu og viðurkennt verði:

– í fyrsta lagi, að í 2. tl. frumvarpsins komi haldsréttarkrafa Kirkjusands, sem nú sé í eigu Landsbanka Íslands, 907.726 kr., þ. e. næst á eftir sölulaunum í ríkissjóð í frumvarpinu,

– í öðru lagi, að í 3. tl. frumvarpsins komi krafa Landsbanka Íslands vegna tryggingarbréfs á 1. veðrétti, að nafnvirði 4.000.000 kr., samtals 2.756.696 kr.,

– í þriðja lagi, að í 4. tl. frumvarpsins komi krafa Landsbanka Íslands

samkvæmt veðskuldabréfi á 2. veðrétti, að nafnvirði 2.500.000 kr., og að krafan verði að fullu viðurkennd og hækkuð úr 2.368.772 kr. í 4.066.263 kr.,

– í fjórða lagi, að í 5. tl. frumvarpsins komi krafa samkvæmt veðskuldabréfi, einnig á 2. veðrétti, að nafnvirði 2.400.000 kr., og að krafan verði að fullu tekin til greina, samtals 4.019.106 kr.,

– í fimmta lagi, að í 6. tl. frumvarpsins komi það, sem eftir stendur af söluandvirðinu, 2.500.209 kr., og renni upp í greiðslu fjárnáma, sem gerð voru hjá gerðarþola, Gylfa Baldvinssyni, að kröfu Landsbanka Íslands á Akureyri 27. júlí 1993 og þinglýst sé á 3. veðrétt samkvæmt þinglýsingarvottorði.

Verði ekki fallist á þá kröfu sóknaraðila, að krafa varnaraðila verði að öllu leyti felld út úr frumvarpinu, er þess krafist, að þau sammingsveð, sem Skipabrautin hf. lét sjálf þinglýsa á skipið og hvíldu á 1., 2. og 3. veðrétti, verði að fullu tekin til greina, áður en varnaraðili fái nokkuð upp í sinn hlut.

Að lokum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist í fyrsta lagi, að kröfum Landsbanka Íslands, Akureyri, og Landsbanka Íslands, Sandgerði, verði vísað frá dómi vegna skorts á aðildarhæfi útibúanna.

Þá gerir varnaraðili svofelldar dómkröfur:

1. Að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um úthlutun uppboðsandvirðis „nýsmíði nr. 7“ verði hrundið og breytt á þá leið, að kröfulýsing varnaraðila, dagsett 17. febrúar 1995, að fjárhæð 27.060.638 kr., auk vaxta frá söluþegi verði að fullu viðurkennd og varnaraðila verði þar með úthlutað öllu uppboðsandvirði, 15.000.000 kr., og fjárhæðin beri almenna sparisjóðsvexti frá uppboðsþegi, 17. febrúar 1995, til greiðsludags.

2. Að viðurkennt verði, að haldsréttur fylgi kröfulýsingu varnaraðila og krafa hans gangi „framar öllum sammingsveðum og/eða öðrum haldsréttarkröfum“.

3. Þá er gerð krafa til þess, að sóknaraðilar greiði varnaraðila málskostnað með virðisaukaskatti.

Málavextir.

Með verksamningi, dagsettum 4. desember 1990, tók Skipabrautin hf. að sér að smíða 9,9 tonna stálbát fyrir Gylfa Baldvinsson, Ægisgötu 13, Árskógsströnd. Um var að ræða raðsmíðaverkefni, „nýsmíði nr. 7“, samkvæmt teikningu og smíðalýsingu verksala. Samkvæmt samningnum hafði verksali haldsrétt í bátnum og keyptu efni til hans, þar til lokauppgjör hefði farið

fram í samræmi við ákvæði samningsins. Skyldi báturinn afhentur eiganda fullbúinn að lokinni reynsluför 16. mars 1991. Heildarkaupverð bátsins samkvæmt samningnum var 24.770.000 kr. Á smíðatímanum var báturinn lengdur að beiðni verkkaupa, og þá voru gerðar breytingar á vélbúnaði. Enn fremur var ákveðið að smíða peru á bátinn. Samkvæmt þessu var heildarverð bátsins 28.190.577 kr. Þá var í verksamningnum ákvæði um, að verksali sæi um, að verkkaupi fengi veiðiheimild fyrir bátinn í samræmi við nýja 9,9 tonna báta, en mistækist það, skyldi verð bátsins lækka um 1.700.000 kr.

Hinn 5. júlí 1990 var tryggingarbréfi til Landsbanka Íslands í Sandgerði, að fjárhæð 4.000.000 kr., þinglýst á umræddan bát samkvæmt beiðni Skipabrautarinnar hf., og hvíldi sú skuld því á bátnum, er verksamningur var gerður. Þá var veðskuldabréfi til sama bankaútibús, að fjárhæð 2.500.000 kr., þinglýst á bátinn 17. október 1991, og öðru veðskuldabréfi, að fjárhæð 2.400.000 kr., var einnig þinglýst á hann 22. sama mánaðar, hvort tveggja að beiðni Skipabrautarinnar hf. Að kröfu Landsbanka Íslands á Akureyri voru 27. júlí 1993 gerð þrjú fjárnám í bátnum vegna krafna bankans á hendur verkkaupa, Gylfa Baldvínssyni, samtals að fjárhæð 9.383.874,20 kr. með vöxtum og kostnaði. Fjárnámunum var þinglýst á bátinn 9. næsta mánaðar.

17. febrúar 1995 fór fram nauðungarsala á bátnum hjá sýslumanninum í Reykjavík. Gerðarbeiðendur voru Landsbanki Íslands á Akureyri og í Sandgerði. Af hálfu Skipabrautarinnar hf. var lýst haldsréttarkröfu, að fjárhæð 27.060.638 kr. Samkvæmt bókun í gerðabók taldi sýslumaður, að haldsréttarkrafan gæti samkvæmt gögnum málsins hæst numið u. þ. b. 8.000.000 króna. Eitt boð kom í nauðungarsöluandlagið, frá Kirkjusandi hf., er bauð 15.000.000 kr., en félagið hafði með bréfi, dagsettu 3. febrúar 1995, lýst kröfu, að fjárhæð 907.726,32 kr., í bátinn vegna kostnaðar við flutning á honum frá Njarðvík til Reykjavíkur, en félagið annaðist vörslur bátsins fyrir sóknaraðila, sem hafði fengið umráð hans með innsetningargerð. Nauðungarsölu þessari var skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur af hálfu Skipabrautarinnar hf., en félagið hafði mótmælt nauðungarsöluinni vegna haldsréttarkröfu sinnar. Var nauðungarsalan staðfest með úrskurði dómsins 19. september 1995. Hinn 9. nóvember 1995 var bátnum afsalað til Kirkjusands hf. af hálfu sýslumannsins í Reykjavík. Samkvæmt skipaskrá ber báturinn nú nafnið Þórir, SK 16, og hefur skipaskrárnúmerið 2102. Hinn 28. desember 1996 var Kirkjusandur hf. sameinaður Matvælaíðjunni Strýtu hf., en þó þannig, að ofangreind haldsréttarkrafa hins fyrrnefnda fylgdi ekki með í kaupunum og er nú eign Landsbankans á Akureyri.

Bú Skipabrautarinnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði

Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 27. nóvember 1995, og tók þrota-búið þá við aðild málsins.

Samkvæmt frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík til úthlutunar á sölu-verði skipsins frá 12. desember 1995, en með því var frumvarp sýslumanns frá 30. nóvember þar á undan leiðrétt lítillaga, skiptist söluverðið sem hér segir:

1. Sölulaun í ríkissjóð	kr.	750.000
2. Skipabrautin hf., haldsréttarkrafa	–	8.216.806
3. Kirkjusandur hf., haldsréttarkrafa	–	907.726
4. Landsbanki Íslands, skbr. á 1. veðr.	–	2.756.696
5. Landsbanki Íslands, skbr. á 2. veðr.	–	2.368.772
	Samtals	<u>kr. 15.000.000</u>

Í upphaflega frumvarpinu var úthlutun samkvæmt 1. – 3. tl. frumvarpsins hin sama, en úthlutun samkvæmt 4. tl. 2.712.044 kr. og 5. tl. 2.413.424 kr.

Mótmæli við frumvarpinu voru tekin fyrir hjá sýslumanni 23. janúar síðastliðinn, og eftir að þau höfðu verið bókuð, lýsti fulltrúi sýslumanns yfir því, að frumvarpið stæði óbreytt.

Við meðferð málsins hefur sýslumaður leiðrétt, að úthlutun samkvæmt 4. tl. frumvarpsins sé upp í áður nefnt tryggingarbréf á 1. veðrétti, út gefið 5. júlí 1990, en ekki skuldabréf, eins og segir í frumvarpinu.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um, að haldsréttarkröfu varnaraðila í söluandvirði bátsins verði hafnað, á því, að Skipabrautin hf. hafi að fullu fengið greitt allt, sem félaginu bar, fyrir smíði á uppboðsandlaginu, bæði með greiðslum frá gerðarþola, Gylfa Baldvinsyni, samtals að fjárhæð 21.474.460 kr., svo og með lántökum, þar sem uppboðsandlagið hafi verið sett til tryggingar, án vitundar eða heimildar gerðarþola, en kröfur vegna þeirra lána nemi samtals 10.863.662 krónum. Þannig hafi varnaraðili fengið samtals 32.338.122 kr. fyrir smíði á bátnum. Þá sé á það bent, að aflakvóti, sem fylgja hafi átt skipinu, sé ekki til staðar nú, en samkvæmt smíðasamningi hafi verð bátsins átt að lækka um 1.700.000 kr., ef verksala, Skipabrautinni hf., mistækist að útvega aflaheimildir fyrir hann. Samkvæmt því telji sóknaraðili engan grundvöll vera fyrir haldsréttarkröfu varnaraðila, og beri að fella hana út úr frumvarpi til úthlutunar á söluverði bátsins.

Vegna þeirra mótmæla varnaraðila, að kröfugerð sóknaraðila vegna útibús bankans í Sandgerði sé of seint fram komin, er því haldið fram af hálfu sóknaraðila, að samkvæmt 4. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungar-

sölu skuli sýslumaður tilkynna málavexti þeim aðilum, sem ágreiningurinn geti varðað og ekki voru viðstaddir, þegar yfirlýsing samkvæmt 2. mgr. 73. gr. laganna kom fram. Samkvæmt greinargerð með þeirri reglu eigi þessi tilkynning sýslumanns að gegna því tvíþætta hlutverki að gera aðilum annars vegar grein fyrir tófum, sem kynnu að verða á framkvæmd nauðungarsölu af þessum sökum, og hins vegar að veita þeim vitneskju, til þess að þeir geti verið viðbúnir því að gæta hagsmuna sinna fyrir dómi. Ef aðilar, sem voru ekki viðstaddir, er yfirlýsing kom fram, eigi rétt á því að gæta hagsmuna sinna fyrir dómi í ágreiningsmálum sem þessum, hljóti aðilar, sem voru viðstaddir, er yfirlýsing var gefin, að eiga sama rétt á að gæta hagsmuna sinna, en munurinn sé sá, að sýslumaður þurfi ekki að tilkynna hinum síðarnefndu sérstaklega um málið. Sú mótbára þrotabús Skipabrautarinnar hf., að kröfugerð bankaútibúsins sé ný og of seint fram komin, en hún hafi komið fram við fyrstu fyrirtöku málsins í héraðsdómi, eins og gert sé ráð fyrir í 1. mgr. 75. gr. laga nr. 90/1991, sé því ekki á rökum reist, enda þurfi eingöngu þeir aðilar, sem leita vilji úrlausnar héraðsdóms, að lýsa yfir því við fyrirtöku sýslumanns á nauðungarsölnunni, hvers þeir muni krefjast fyrir dómi, sbr. 2. og 3. mgr. 73. gr. nauðungarsölulaga. Við þetta megi bæta, að veðréttur sóknaraðila í bátnum standi óbreyttur og öll lækkun á úthlutun sýslumanns til „rétthærra veðhafa“ renni alltaf fyrst til sóknaraðila, í þessu máli sem veðhafa á 2. og 3. veðrétti.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er skírskotað til þess, að kröfugerð af hálfu félagsins hafi aldrei sætt andmælum uppboðspöla, hvorki við greiðsluskyldu né fjárhæð kröfu, en uppboðspöla hafi verið birt greiðsluáskorun og á grundvelli hennar sett fram kröfulýsing á uppboði 17. febrúar 1995, að fjárhæð 27.060.638 krónur.

Varnaraðili eigi samningsbundinn haldsrétt í bátnum samkvæmt verk-samningi og jafnframt lögvarinn haldsrétt samkvæmt 1. mgr. 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Inntak haldsréttar feli í sér að geyma haldsréttarhafa skaðleysi við uppgjör, og með þeim hætti geymi haldsréttur Skipabrautarinnar hf. þrotabúinu rétt til alls uppboðsfjárins.

Gerðarþoli hafi látið lögmann sækja uppboð 17. febrúar 1995, en eftir það hafi ekki verið sótt af hans hálfu. Hafi gerðarþoli með tómlæti sínu fyrir-gert rétti til þess að hafa uppi andmæli gegn kröfum Skipabrautarinnar hf. í máli þessu á grundvelli nauðungarsölulaga með því að koma ekki til þing-halds.

Við fyrirtöku hjá sýslumanninum í Reykjavík 22. janúar síðastliðinn hafi haldsréttarkröfu Skipabrautarinnar hf. verið mótmælt af hálfu sóknaraðila,

án þess að kröfunni væri mótmælt tölulega. Sé sóknaraðili ekki í færum til að hafa uppi andmæli gegn tölulegum útreikningum Skipabrautarinnar hf., m. a. af þeirri ástæðu, að hann hafi ekki haft uppi andmæli á þeim grundvelli við sýslumann.

Kirkjusandur hf. eigi ekki aðild að nauðungarsölunni, og beri því að hafna kröfum hans. Kröfur hans séu fyrir flutning á bátnum frá Keflavík til Reykjavíkur. Sé þessi verkþáttur unninn að beiðni sóknaraðila, og eigi félagið enga sjálfstæða kröfu eða aðild að máli þessu, en verði haldsréttar-krafan samþykkt, er þess krafist, að hún víki fyrir kröfu varnaraðila.

Að lokum sé ákvörðun sýslumanns við úthlutun uppboðsandvirðis, þ. e. að úthluta Skipabrautinni hf. einungis 8.212.806 krónum, með engu móti skýrð og taki ekki mið af neinum andmælum, sem reist verði á kröfugerð annarra aðila að nauðungarsölunni.

Krafa varnaraðila er sundurliðuð sem hér segir:

Samningsverð		kr.	24.770.000
Viðbótarsamningur:			
Hækkun v/dýrari vélbúnaðar		–	2.388.779
Hækkun v/smíðar peru skv. viðaukasamn.		–	1.160.000
			<hr/>
		kr.	28.318.318(?)
Hækkun v/lengingar (2 m) og breytts vélbúnaðar skv. reikningi 31. janúar 1991		–	2.640.000
Vextir frá 1. apríl 1991 til febrúar 1994		–	6.023.814
			<hr/>
Innborgað á verktíma skv. reikningsyfirliti	kr.	21.474.460	kr. 15.440.904
		Skuld	kr. 15.440.904
			<hr/>
Stöðugjald 34 mánuði, maí '91-feb. '94 kr. 150.000 á mán.		–	5.100.000
Óunnið verk til verkloka skv. yfirliti		–	2.000.000
			<hr/>
		kr.	18.540.904(?)
Innl. víxill á uppboðspöla hjá Gamla kompaníinu hf.		–	2.730.044
			<hr/>
Vörslugjald frá mars '94 -febr. '95, 150.000 kr. á mánuði		–	1.300.000(?)
Dráttarvextir frá 14. mars '94 til 18. janúar '95		–	3.175.398
Innheimtuþóknun		–	1.050.000
24,5% virðisaukaskattur		–	257.250
			<hr/>
	Samtals	kr.	27.053.596(?)

Niðurstöður.

Enda þótt eigi verði talið, að útibú Landsbanka Íslands geti verið aðilar dómsmáls í skilningi 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 90/1991, leiðir það ekki til frávísunar á kröfum sóknaraðila, þar sem líta verður svo á, að þær séu gerðar af hálfu bankans fyrir hönd útibúanna á Akureyri og í Sandgerði, en haldsréttarkrafa Kirkjusands hf. er samkvæmt framansögðu nú í eigu útibúsins á Akureyri. Að auki verður eigi fram hjá því litið, að varnaraðili gerði engar athugasemdir við aðild útibúanna að nauðungarsölum meðferðinni fyrr en við rekstur máls þessa. Í því sambandi er sérstaklega bent á, að fyrir dóminum var rekið sérstakt ágreiningsmál, þar sem varnaraðili krafðist ógildingar á nauðungarsölu umrædds báts, en aðilar að því máli voru m. a. ofangreind útibú, án þess að nein mótmæli kæmu fram við aðild þeirra af hálfu varnaraðila. Ber því að hafna framangreindri frávísunarkröfu varnaraðila.

Í málinu liggur fyrir reikningsyfirlit Skipabrautarinnar hf., dagsett 20. september 1994, þar sem fram kemur, að innborganir gerðarþola, Gylfa Baldvinssonar, vegna smíði umrædds stálbáts, nemi 21.474.460 krónum. Er sú fjárhæð dregin frá skuld gerðarþola í yfirliti þessu og sá frádráttur lagður til grundvallar samkvæmt greiðsluáskorun varnaraðila til gerðarþola, dagsettri 18. janúar 1995, sem birt var gerðarþola 23. sama mánaðar. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar við úrlausn máls þessa, að gerðarþoli hafi greitt varnaraðila framangreinda fjárhæð vegna smíði bátsins.

Samkvæmt matsgerð Jóns B. Hafsteinssonar skipaverkfræðings, dagsettri 17. febrúar 1995, sem dómkvaddur var 16. janúar 1995 að beiðni gerðarþola til að skoða og meta umræddan stálbát, er kostnaður við að ljúka smíði bátsins áætlaður 3.713.000 kr., og er þá mat á nýsmíðinni í því ástandi, sem hún var við skoðun matsmanns, 21.510.000 krónur.

Í umræddum verkamningi er hvergi að finna ákvæði um, að verkkaupa (gerðarþola) bæri að greiða sérstakt uppistöðugjald (geymslugjald) vegna bátsins, og mótmælti verkkaupi kröfu þess efnis þegar með bréfi, dagsettu 11. maí 1992. Ljóst er, að vanefndir urðu á afhendingu bátsins af hálfu Skipabrautarinnar hf. og jafnframt, að verkinu var ekki lokið við skoðun matsmanns í febrúar 1995. Rekur varnaraðili afhendingardrátt Skipabrautarinnar hf. til vanefnda gerðarþola á greiðslum samkvæmt verkamningi, en því hefur hinn síðarnefndi mótmælt. Liggur því fyrir, að verulegur ágreiningur er milli þeirra um uppgjör, og er hann óútljáður. Jafnframt er ljóst af framangreindri matsgerð, sem ekki hefur verið hnekkt og leggja ber til grundvallar, að smíði bátsins var hvergi lokið, er krafist var nauðungarsölu á honum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir krafa varnaraðila

um uppistöðugjald eigi vera svo ljós, að hún verði tekin til greina við úthlutun söluverðs.

Samkvæmt samningnum átti verkkaupi, ef á greiðslur hans vantaði samkvæmt samningnum, að greiða verksala víxilvexti af þeim mismun, þar til verkkaupi hefði leiðrétt greiðslustöðu sína samkvæmt samningi. Þá er í samningnum gert ráð fyrir því, að allar samningsgreiðslur væru peningagreiðslur, þannig að tæki verksali víxla, skuldabréf eða önnur verðmæti af verkkaupa sem greiðslu, skyldi draga frá vexti og kostnað og afföll af skuldabréfum og nettóandvirði reiknað sem innborgun, sem hann ætti að greiða samkvæmt samningnum. Eigi verður ráðið af kröfugerð varnaraðila eða öðrum gögnum málsins, hvort vaxtakröfur hans eru í samræmi við ofangreindan samning. Þegar það er virt, sem og framangreindur ágreiningur samningsaðila um uppgjör vegna verksins, þykir eigi heldur fært að taka vaxtakröfur varnaraðila til greina við úthlutun söluverðsins. Hið sama gildir um kröfu varnaraðila vegna innheimtukostnaðar og virðisaukaskatts af honum.

Hvergi er að finna í gögnum málsins sönnun þess, að Skipabrautin hf. hafi leyst til sín víxil, að fjárhæð 2.730.044 kr., sem varnaraðili gerir kröfu til, að haldsréttur fylgi. Verður eigi hjá því komist að hafna kröfulið þessum vegna úthlutunar þeirrar, sem mál þetta er sprottið af.

Þá er ljóst, að til lækkunar á smíðaverði bátsins koma 1.700.000 kr., þar sem Skipabrautinni hf. tókst ekki að útvega aflaheimildir handa bátnum, en um þetta er afdráttarlaust ákvæði í umræddum verksamningi.

Svo sem að framan greinir, veðsetti Skipabrautin hf. bátinn samkvæmt tryggingarbréfi og tveimur veðskuldabréfum fyrir samtals 8.900.000 kr. að nafnvirði vegna lántöku hjá sóknaraðila, og runnu greiðslur samkvæmt lánunum beint til félagsins. Veðsetningum þessum var mótmælt af hálfu gerðarþola með bréfi, dagsettu 23. mars 1992, og þess krafist, að þeim yrði aflétt fyrir 1. apríl sama ár. Samkvæmt kröfulýsingum við nauðungarsölu meðferðina námu kröfur samkvæmt bréfum þessum samtals 10.863.662 krónum.

Þegar allt framangreint er virt sem og niðurstöður framangreindrar matsgerðar um stöðu verks vegna smíði bátsins við upphaf nauðungarsölu meðferðar og tekið er tillit til viðurkenndrar greiðslu gerðarþola inn á verkið, er fallist á það með sóknaraðila, að framangreind haldsréttarkrafa varnaraðila sé á brott fallin. Á varnaraðili því ekki rétt til neinnar úthlutunar af söluverði bátsins.

Samkvæmt framansögðu verður söluverðinu úthlutað til samræmis við kröfugerð sóknaraðila, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Söluverði 9,9 tonna stálbáts, „nýsmíði nr. 7“, þinglýstrar eignar Gylfa Baldvinssonar, sem seldur var nauðungarsölu 17. febrúar 1995 fyrir 15.000.000 kr., er úthlutað sem hér segir:

1. Sölulaun í ríkissjóð skv. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 90/ 1991, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1991	kr.	750.000
2. Landsbanki Íslands, haldsréttarkrafa	–	907.726
3. Landsbanki Íslands, tryggingarbréf á 1. veðrétti	–	2.756.696
4. Landsbanki Íslands, skuldabréf á 2. veðrétti	–	4.066.263
5. Landsbanki Íslands, skuldabréf á 2. veðrétti	–	4.019.106
6. Landsbanki Íslands, fjárnám á 3. veðrétti	–	2.500.209
		<hr/>
Samtals	kr.	15.000.000

Málkostnaður fellur niður.